

- 8.2 Ágreiningur.**
Ágreiningi, sem rísa kann vegna reglugerðar þessarar, má vísa til samgöngu-ráðuneytis til úrskurðar.
- 8.3 Refsiákvæði.**
Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt XIII. kafla laga nr. 34, 21. maí 1964.
- 8.4 Gildistaka.**
Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 34, 21. maí 1964, um loftferðir, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. september 1990. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um skírteini gefin út af Flugmálastjórn, nr. 329/1986, ásamt breytingu nr. 240/1989.

Samgönguráðuneytið, 17. júlí 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Halldór S. Kristjánsson.

SAMÞYKKT

**um breyting á gjaldskrá fyrir heilbrigðiseftirlit á Norðurlandsvæði
eystra nr. 24/1988, með breytingu nr. 491/1989.**

1. gr.

3. mgr. 1. gr. orðist svo:

Af eftirlitsskyldri starfsemi skv. 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16., 17., tl. 2. gr. laga nr. 81/1988, skal árlega greiða eftirlitsgjöld sem hér greinir:

1. flokkur	kr. 9 000	3. flokkur	kr. 36 000
2. flokkur	kr. 18 000	4. flokkur	kr. 54 000

2. gr.

Upphæðir leyfisgjalda skv. 2. gr. verða sem hér segir:

1. flokkur	kr. 1 000	3. flokkur	kr. 3 000
2. flokkur	kr. 2 000	4. flokkur	kr. 4 000

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá sveitarfélaga á heilbrigðiseftirlitssvæði Norðurlands eystra, sbr. 6. gr. 8. tl. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, staðfestist hér með skv. 5. gr. 3. tl. sömu laga til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. ágúst 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.